

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnabraut 13, 540 Blönduós

11. árg. 5. tbl. 2012

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

Nóvember 2012

Skipulag sauðfjársæðinga

Í ár verður tekið sæði frá Sæðingastöð Vesturlands sem fyrr. Einnig verður í boði sæði af Suðurlandi fleiri daga en verið hefur. **Verð á sæðisskammti í ár er 630 kr en þeir bændur sem sæða 50-99 ær fá sæðið á 590 kr og þeir sem sæða 100 ær eða fleiri fá sæðið á 550 kr (+ vsk).**

Hægt verður hægt að nálgast sæðið í Staðarskála, við Hvammstangaafleggjara og á Blönduósi eins og verið hefur. Strandamenn geta nálgast sæði af Vesturlandi í Skriðulandi dagana 10.-13. des og 17.-18. des en aðra daga verða þeir að nálgast það í Staðarskála. Taka þarf fram við pöntun á hvorn staðinn verður sótt.

| Sæðinga -stöðvar | Suðurl. | | | Suðurl. | | | Suðurl. | | | Suðurl. | | |
|----------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|--|
| | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | Vesturl | |
| Sæðinga -dagar | 3.des | 4.des | 5.des | 6.des | 10.des | 11.des | 12.des | 13.des | 17.des | 18.des | 19.des | |
| svampar settir í | 17.nóv | 18.nóv | 19.nóv | 20.nóv | 24.nóv | 25.nóv | 26.nóv | 27.nóv | 1.des | 2.des | 3.des | |
| svampar teknir úr | 1.des | 2.des | 3.des | 4.des | 8.des | 9.des | 10.des | 11.des | 15.des | 16.des | 17.des | |

Svampar eru teknir úr 55-60 klst. fyrir áætlaðan sæðingatíma. M.v. sæðingu kl. 17:00 er svampur tekinn úr milli kl. 5:00 og 10:00 tveimur dögum fyrr.

Árneshreppur er sér á báti með sína sæðingadaga fyrir ferskt sæði. Gjögurflug er á mánudögum og munu Árneshreppingar geta nýtt sér þá daga í desember. Eins er opinn möguleiki að fá sæði aðra daga, ef ferð fellur.

Pantanir berist á skrifstofu BHS 451-2602, netfang: rhs@bondi.is. Pantar þarf sæði fyrir kl. 14:00 næsta virka dag á undan sæðingadegi. Þannig þarf að pantar á föstudegi, fyrir sæðingu á mánudegi.

Allar pantanir á sæði fara í gegnum BHS. Bændur sem hafa farið á námskeið í sauðfjársæðingum geta sett sjálfir, en þeir sem ekki hafa sótt slíkt námskeið verða sjálfir að semja við einhvern um að sæða hjá sér.

Þegar pantað er sæði fyrir ósamstilltar ær er mikilvægt að láta okkur hjá BHS vita í tíma ef ekki finnast blæsma ær, svo hægt sé að nota sæðið á öðrum bæjum. Sama gildir ef menn vilja fá sæði í fleiri ær en pantað er fyrir, þá þarf að láta okkur vita um morguninn og við munum reyna að ráðstafa því sæði sem kemur aukalega til þeirra.

Dýralæknar sjá um að selja svampa.

Kynning á hrútakosti sæðingastöðvanna - fundir

Haldnir verða kynningarfundir á hrútum sæðingastöðvanna með Eyjólfu Yngva á eftirtöldum stöðum:

Mánudagur 19. nóv. kl. 20:30 Staðarflöt

Þriðjudagur 20. nóv. kl. 16:00 Sjálfsstæðissalurinn Blönduósi

Hrútaskráin verður komin þá og verður dreift á fundunum. Allir áhugasamir sauðfjárræktendur hvattir til að mæta!!!

Sæðinganámskeið

Haldið verður námskeið í sauðfjársæðingum á Hvanneyri og Hesti þriðjudaginn 27. nóvember og hefst kl. 13:00. Skrá skal þátttöku í síðasta lagi 23. nóvember á endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433-5000.

Nautgriparækt og frjósemi - fundur

Fræðslufundur um nautgriparækt og frjósemi verður haldinn í Víðihlíð **föstudaginn 23.nóv kl. 12.** og hefst með súpu.

Berglind Ósk Óðinsdóttir fjallar um fóðrun og frjósemi. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir mun fjalla almennt um sæðingar, frjósemi, aðstöðu til sæðinga, aldur kvígna við fyrsta burð, tengingu við ræktunarstarfið o.s.frv. Einnig mun hún kynna þau naut sem eru að koma til framhalds notkunar á sæðingarstöðinni.

Nánar auglýst þegar nær dregur.

Gæðastýring - umsóknir

Umsóknarfrestur fyrir nýja þátttakendur í gæðastýringu er **20. nóvember** næstkomandi ef viðkomandi ætlar að fá álagsgreiðslur á næsta ári. Þeir sem ekki hafa farið á námskeið geta samt sótt um og hafið þátttöku á næsta ári og fengið álagsgreiðslur, fari þeir á námskeið sem haldið verður í júní á næsta ári. Eyðublöð má nálgast á www.mast.is.

Uppskerubrestur vegna þurrka/kals – Bjargráðasjóðsumsóknir

Þeim sem urðu fyrir miklum uppskerubresti í sumar vegna kals eða þurrka er bent á umsóknir sem hægt er nálgast á heimasíðu okkar www.rhs.is. Til að sækja um þarf bústofn og heyforði sumarsins að liggja fyrir og því er nauðsynlegt að búið sé að skila forðagæsluskýrslu. Á umsókninni þarf einnig að tiltaka upplýsingar um heyforða árána 2010 og 2011, áburðarkaup árána 2011 og 2012 og tiltaka heykaup og/eða leigu á tünnum umfram hefðbundna heyöflun.

Forðagæsluskýrslur

Nú er búið að opna fyrir rafræna skráningu á forðagæsluskýrslum á www.bustofn.is og þeir sem fá skýrslur á pappír eiga að hafa fengið þær sendar. Skila þarf skýrslum á pappír inn til búfjáreftirlitsaðila fyrir **20. nóv.** en frestur til að skila rafrænt er til **10. des.** Nýtt er að nú gert ráð fyrir að uppskera grænófóðurs verði skráð ásamt stærðum á því landi sem nýtt er til fóðurframleiðslu. Sé um að ræða land í eigu annarra skal engu að síður skrá þær landstærðir á haustskýrslu.

Tjón af völdum óveðursins

Í síðasta fréttabréfi og í tölvupóstum báðum við sauðfjársæðingum á svæðinu að senda okkur upplýsingar um vanhöld á sauðfé í haust. Alls bárust upplýsingar frá um 120 bændum af svæðinu. Þar af voru tæplega 100 úr Húnavatnssýslum af rúmlega 200 bændum sem skráðir voru með sauðfé þar í vor.

Í ljós kom að vanhöld eru meiri en við höfðum gert ráð fyrir og þegar búið er að taka tillit til eðlilegra vanhalda að mati Bjargráðasjóðs þá vantar um 3.300 fjár í Húnavatnssýslum. Af þessu eru um 1.100 ær og 2.200 lömb.

Sambærilegar tölur fyrir Skagafjörð eru um 2.600 og fyrir Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur um 3.100. Alls eru þetta því um 9.000 kindur sem ekki skila sér heim í haust af einhverjum ástæðum, umfram það sem teljast má eðlilega vöntun. Ríkisstjórnin hefur nú samþykkt að veita um 140 milljónum til að bæta tjón bændu og þegar reglur um tjónáútreikning liggja fyrir frá Bjargráðasjóði munum við kynna þær. GR
